



Reykjavík, 13. desember 2024
MSS24110182

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða

Endurskoðun opnunartíma Sundhallar

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 13. desember 2024 var lögð fram samþykkt íbúaráðs Miðborgar og Hlíða frá 28. nóvember 2024 um endurskoðun opnunartíma Sundhallarinnar.

Lagt er til að íbúaráð Miðborgar- og Hlíða samþykki að beina því til menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs að endurskoða opnunartíma Sundhallarinnar og færa opnunartíma um helgar aftur til 22.00.

Óskað var eftir að menningar-, íþróttá- og tómstundaráð tæki samþykktina til afgreiðslu.

Fulltrúar meirihluta Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn þakkar íbúaráði Miðborgar og Hlíða fyrir bókunina og tekur undir þau sjónarmið um mikilvægi sundiðkunar fyrir lýðheilsu sem koma fram í samþykktinni. Ljóst er að ákvörðun um styttri kvöldopnun sundlauga um helgar um eina klukkustund á laugardags og sunnudagskvöldum er eingöngu tekin í hagræðingarskyni og vegna kröfu borgarráðs um samdrátt í útgjöldum en aðgerðin skilar 20 m. kr. í lægri útgjöldum á hverju ári. Það er hins vegar skýrt að metnaður ráðsins stendur til þess að lengja opnunartímann á ný þegar hagur borgarsjóðs vænkast og er unnið að undirbúningi mismunandi leiða í því sambandi.

Virðingarfyllst,

Helga Björnsdóttir
skrifstofu stjórnarsýslu
menningar- og íþróttasviðs



Reykjavík